

12. gr.

**Gildistaka.**

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 82/1984 um breyting á lögum nr. 12/1970 um menntaskóla og lögum nr. 85/1984 um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbautaskóla og tekur gildi frá og með skólaárinu 1984—1985.

*Menntamálaráðuneytið, 3. september 1984.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

---

*Knútur Hallsson.*

## A U G L Ý S I N G

**um breyting á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins  
og Orkubús Vestfjarða.**

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, frá og með 1. janúar 1985:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 118 22. febrúar 1984 (smásala) og nr. 194 24. apríl 1984 (heildsala).

Orkugjöld (Taxtar A4, A5, C1, C2, D1 og D2) hækki um .....	17,0%
Fastagjöld hækki um .....	18,2%
Aðrir liðir hækki um .....	21,98%
Heimtaugagjöld hækki um .....	19,45%
Lokunar- og enduropnunargjald hækki úr kr. 710,00 í kr. 850,00.	
Innheimtugjald vegna vanskila (nýtt gjald) verði kr. 425,00.	
Gjaldskrá heildsölu hækki um .....	14,0%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 685 5. september 1983.

Liðir A1, A2, og A3 hækki um .....	19,9%
Liðir A4, C1, C2, D1 og D2 hækki um .....	17,0%
Liður A5 hækki um .....	17,9%
Liður B1 hækki um .....	10,0%
Lokunargjöld hækki um .....	19,2%
Heimtaugagjöld hækki um .....	17,0%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 660 5. september 1983.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um .....	17,0%
--	-------

*Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1984.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

---

*Guðrún Skúladóttir.*